

## Verkefnið: Endurbætur við Goðafoss og umhverfi hans.

Eins og lesendum Hlaupastelpunnar er kunnugt um var ákveðið, að frumkvæði Þingeyjarsveitar, að hlú að umhverfi Goðafoss, bæta aðgengi og landspjöll, með því að gera fleiri bílastæði, útsýnispalla, göngustíga – aðgengi fyrir alla.

Þetta verkefni hófst 2013. Þingeyjarsveit fékk samþykki landeigenda til að deiliskipuleggja svæðið. Nú er því ferli loks að ljúka en það er ekki óalgengt að svona skipulagsferli taki langan tíma. Skipulagið var unnið með Vegagerðinni sem er að deiliskipuleggja svæðið litlu norðar vegna nýrrar brúar yfir Skjálfandafljót við Fosshól, sem er á áætlun 2017. Skipulagsvinnan fyrir Þingeyjarsveit er í höndum landslagsarkitekta hjá Landslagi ehf.

Ferðamálastofa hefur styrkt deiliskipulagsgerðina og einnig framkvæmdir. Þá var verkefninu veittur myndarlegur styrkur á vegum iðnaðarráðuneytisins, eða 15 milljónir króna árið 2014 sem sýnir áhuga þess. Þessi styrkur frá ráðuneytinu krafðist ekki mótframlags sveitarfélagsins en honum fylgdi sú kvöð að nýta skyldi hann árið 2014. Styrkir frá Ferðamálastofu hafa krafist 50% mótframlags, sem eru miklir fjármunir og vart hægt að ætlast til svo mikils fjárframlags frá litlu sveitarfélagi. Þá hefur verkefnið fengið myndarlegan styrk frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, sem er afar mikils virði.

Bæði Ferðamálastofa og ráðuneyti ferðamála hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og velvilja og komið og heimsótt staðinn. Er það mjög ánægjulegt að finna þennan áhuga og hvatningu frá þessum aðilum. Áhugi heimamanna og velvild landeigenda er einnig ómetanlegur.

Sumarið 2013 var farið í lagfæringar á merkingum göngustíga vestan fljóts og þeir betur afmarkaðir. Einnig voru sett upp viðvörðunarmerki þar sem hætta er á hruni eða hálfu.

Í fyrrasumar – 2014 – varð að nýta styrkinn frá iðnaðarráðuneytinu.

Ákveðið var að byggja upp gamla og illa farna stíga austan fljóts, gera útsýnispall og bílastæði þeim megin að fengnu framkvæmdaleyfi en umferð að fossinum að austan hefur verið mjög að aukast undanfarin ár. Auk þessa voru lagðar lyngþökur í sár í jarðveginum vestan fljóts og gerðar leiðbeinandi merkingar við bílastæðin. Fornminjaskráning var framkvæmd og gerðar rannsóknir á vatni.

Í vor var bílastæðið malbikað en ekki stígarnir, því ákveðið var að bæta við þá og breyta litalsháttar. Nú er enn verið að bíða eftir vinnuteikningum að útsýnispallinum en búið er að mæla fyrir honum og viðbótinni á stígnum. Þetta gengur allt hægara en til var ætlast en það hefur líka orðið til þess að nýjar og betri útfærslur á útsýnispallinum og stígum hafa komið fram. Mikilvægt er að vanda til verka og horfa til framtíðar í þessu verkefni.

Stefnan er að byrja á framkvæmdum á næstunni þegar mesta sumarleyfistímanum lýkur og ferðafólki fækkar – en það hefur verið mjög mikil fólksmergð við Goðafoss flesta daga í sumar. Talað er um allt að 30% aukningu frá því í fyrra. Auk útsýnispalls og viðbótar göngustíga þarf að klæða kanta á stígum og bílaplani með lyngþökum og hraungrýti, handgera mjóan göngustíg frá Gömlu brúnni á aðalstíginn, gera tröppur og handrið og brú yfir Grófina sem rennur þvert á þennan mjóa göngustíg. Ekki verður unnið neitt vestan Skjálfandafljóts í sumar nema e.t.v. lagðar fleiri þökur á gróðurlaus og illa farin svæði. En vonandi verður hægt að byrja á framkvæmdum þar næsta vor. Til stendur að gera ný bílastæði, nær þjóðvegi 1 og laga enn frekar göngustíga og gera útsýnispalla. Þá er nauðsynlegt að byggja snyrtingar við ný bílastæði en ekki fékkst lóð fyrir þær samþykktar á deiliskipulagið sem nú er í afgreiðslu. Mjög mikilvægt er að fjölga snyrtingum á svæðinu, beggja vegna fljótsins því þau sem til eru á svæðinu anna engan vegin öllum þessum fjölda fólks sem á svæðið kemur og því umgengnin á landinu við fossinn er vægast sagt slæm. Vinnuskólinn hefur farið nokkrar ferðir upp að fossi til að hreinsa. Mikið skárta ástand er að austanverðu enda þó nokkrar snyrtingar þar en þyrftu þó að vera miklu fleiri. Aðgengi að vatni beggja vegna fljótsins verður að bæta, það gæti orðið stórt verkefni. Goðafoss og umhverfi hans er perla okkar sveitunganna og Íslendinga allra sem á skilið umhyggju og virðingu. Vissulega eigum við marga fallega staði í Þingeyjarsveit, en engan sem jafn margir heimsækja. Má nefna hér að flestir þeir sem koma á skemmtiferðaskipum til Akureyrar heimsækja fossinn og í sumar koma þangað 110-115 skemmtiferðaskip (í fyrra rúmlega 80) og sum þeirra gríðarlega stór og oft eru fleiri en eitt, jafnvel 4 við bryggju í einu. Fossinn er oftinnis myndefni ljósmyndara sem og annarra ferðamanna enda margbreytilegt myndefni, eftir veðri og vatnsmagni – og alltaf er fossinn fállegur. Að staldra við hjá Goðafossi hefur áhrif á mann sama hversu oft sem maður kemur þangað. Ekki má heldur gleyma sögum og atburðum sem tengjast fossinum og nágrenni hans. Það er ótrúlegt hve margir erlendir ferðamenn þekkja til margra þessara sagna og heimsækja staðinn þeirra vegna. Goðafoss og umhverfi hans hefur verið mér afar hjartfólgin staður og áhugamál að bæta umgengni og jarðrask við fossinn. Ég er ekki ein um þetta. Marga heimamenn og gesti, bæði íslenska og erlenda hef ég hitt við Goðafoss undanfarin ár sem dásama þennan stað.

Helga A. Erlingsdóttir, verkefnastjóri



## Kaffihlaðborð og markaður

Síðasta kaffihlaðborðið sumarsins í Kiðagili verður næstkomandi sunnudag milli klukkan 14 og 17. Á sama tíma verður skottsölumarkaður á planinu þar sem ýmis varningur verður til sölu og er öllum velkomið að koma og selja.

Sjáumst í sumarskapi  
Starfsfólk Kiðagils



Við auglýsum eftir starfsfólki í 100 % starf.  
Hlutastarf kemur til greina.

Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund, skipulagshæfileika og vera reyklausir.

Umsóknir berist á netfangið [halli@dalakofinn.is](mailto:halli@dalakofinn.is)  
með ferilskrá í síðasta lagi 15.sept.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Bóasson s. 4643344

Opnunartími Dalakofans til 29.ágúst

**Opið alla daga frá 9.00- 21.00**

Frá 30. ágúst til 30. sept.

**Opið alla daga frá 10.00- 20.00**

Ísvélin er í sumarskapi.

**Verið ávallt velkomin!**

**Dalakofinn / Útibú ehf. dalakofinn.is**  
s. 464-3344/ 464-3355



## Dagskrá Menningarmiðstöðvar Pingeyinga helgina 22.-23. ágúst

### Laugardagur

**Sauðaneshús á Langanesi** kl. 14:00

Gísli Pálsson mannfræðingur, höfundur bókarinnar „Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“, mun fjalla um glímuna við manninn, söguna og heimildirnar, viðbrögð Íslendinga við fyrsta litaða manninum sem settist að á landinu, afdrif afkomenda hans bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum og fyrirhugaða ferð nokkurra þeirra á slóðir forföður þeirra á Jómfrúreyjum.

"Vesturfarar, með Ísland í hjartanu".

Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður í Winnipeg segir af vestur Íslendingum og dvöl sinni og starfi meðal þeirra. Atli hefur haldið fjölmarga fundi um land allt og fengið góðar viðtökur.

### Sunnudagur

Kvöldopnun á öllum sýningarstöðum 19-21

#### Grenjaðarstaður í Aðaldal

Eldsmiður að störfum við bæinn (einnig kl. 16-18)

Kvöldavaka í baðstofunni, hrosshár spunnið á vinglu og Pétur Ingólfs galdrar fram þjóðlega gítartóna. Hlöðuhópurinn sýnir og selur handverk í hlöðunni.

#### Safnahúsið á Húsavík kl 20:00

Gísli Pálsson mannfræðingur, höfundur bókarinnar „Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“, mun fjalla um glímuna við manninn, söguna og heimildirnar, viðbrögð Íslendinga við fyrsta litaða manninum sem settist að á landinu, afdrif afkomenda hans bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum og fyrirhugaða ferð nokkurra þeirra á slóðir forföður þeirra á Jómfrúreyjum.

"Holger Cahill og William Stephenson - merkir vestur Íslendingar."

Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður segir frá vestur - Íslendingum sem voru áhrifavaldar í sögulegum skilningi. William Stephenson var frægur uppfinningamaður og stjórnaði leynilegum aðgerðum í seinni heimstyrjöldinni. Sumir segja að Ian Fleming byggði James Bond á einmitt honum. Holger Cahill ( Sveinn Kristján Bjarnason) hafði mikil áhrif í bandarísku listalífi. Aðalsteinn Mariusson sýnir listmuni úr steinum og hluta af steinasafni sínu.


#### Snartarstaðir við Kópasker

Fanney Kristjáns söngkona flytur nokkur vel valin lög kl. 20:00.

#### Sauðaneshús kl.

Kvöldopnun, vöfflukaffi, enginn aðgangseyrir.

Aðalsteinn Mariusson steinasafnari frá Sauðárkróki sýnir listmuni úr steinum í Safnahúsinu alla helgina.



## Kvöldandakt í Hálskirkju

Sunnudagskvöldið 23. ágúst kl. 20.00 verður kvöldandakt í Hálskirkju Fnjóskdal. Hjónin Hjalti og Lára flytja ljúfa tóna á fidlu og gítar sbr. Draumalandið, Vikivaka o.fl. Sr. Sunna Dóra Möller verður með hugleiðingu. Sr. Bolli flytur uppörvandi og sumarlegan kveðskap milli laga. Notaleg síðsumarsstund í fögrum helgidómi.

Verið öll hjartanlega velkomin til kirkjunnar!



## FIRMAKEPPNI ÞJÁLFA

verður haldin á Einarstöðum nk Laugardag  
22 ágúst kl 14:00

keppt verður í flokki: Polla, Barna, Unglinga/Ungmenna, Kvenna og Karla.

keppninn verður með hefðbundnu og frjálsum sniði eins og áður og mun skráning fara fram á staðnum.

Við hvetjum alla til að mæta og hafa gaman saman!

Vöflur og Kaffi verða selt á staðnum.

þjálfi.

## SMALANIR Í FJALLSKILADEILD REYKDÆLA 2015

Aðalsmölun skal fara fram sunnudaginn 6. september n.k. Þó skal smala sunnan veggirðingar á Fljótsheiði vestan Seljadalsár laugardaginn 5. september. Síðari smölun vestan Reykjadalárs skal fara fram 26. og 27. september n.k. Síðari smölun austan Reykjadalárs skal fara fram 3. og 4. október n.k. Minnt er á skyldur eigenda og umráðamanna lands til smölunar sbr. 32. og 33. gr. fjallskilasamþykktar svæðisins nr. 618/2010. Fjallskilasamþykktina er m.a. að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar, [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)

Fjallskilastjóri



## Húsaleigubætur – Námsmenn athugið!

Nú eru skólar að byrja og þeir námsmenn sem munu dvelja á heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum. Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða eigi síðar en **15. dag fyrsta greiðslumánaðar**. Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið jafnframt að fá frumrit af **þinglýstum húsaleigusamningi** auk **staðfestinga á námi**. Þeir sem eru að sækja um húsaleigubætur í fyrsta sinn þurfa jafnframt að framvísa **staðfestu afriti af skattframtali sl. Árs**. **Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti**. Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrir en öll nauðsynleg gögn hafa borist. Umsóknareyðublað má finna á [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins við Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 464-3322 [margret@thingeyjarsveit.is](mailto:margret@thingeyjarsveit.is)

Skrifstofa Þingeyjarsveitar

# SAFNAKVÖLD Í ÞINGEYJARSÝSLUM

## 23. ágúst

**Fjölbreytt söfn og sýningar bjóða heim**  
Opíð á eftirtöldum stöðum 19-21, enginn aðgangseyrir og heitt á könnunni:

### Fjúk Art and Design Center Húsavík

Marína Rees ræðir við gesti um sýningarnar

### Fræðasetur um forystufé, Þistilfirði

Falleg sýning um einstakan fjárstofn.

### Gamli barnaskólinn, Skógum

Myndasýningin „Fólkíð í dalnum“

### Gljúfrastofa

Heimsókn í gestastofuna svíkur engan.

### Grenjaðarstaður í Aðaldal

Eldsmíður, hrosshársspuni á vinglu,  
þjóðlegir gitartónar og handverkssala.

### Hvalasafnið á Húsavík

Franska listakonan Sonia Levy segir frá sýningu sinni  
í safninu og tengslum sínum við hvali  
og hvalamenningu.

### Könnunarsögusafnið á Húsavík

Heitt súkkulaði og sýningarleiðsögn.

### Mánárþakki

Kaffi og kruður

### Safnahúsið á Húsavík: – 20:00

Fyrirlestrar Gísla Pálssonar og Atla Ásmundssonar.

### Samgönguminjasafnið á Ystafelli

Myndasýning úr samgöngusögu Þingeyjarsýslu.

### Sauðaneshús

Húsfreyja býður í vöfflukaffi.

### Snartastaðir: 20:00

Vöflukaffi.

### Skjálftasetrið

Áslaug S. Jónsdóttir með sölusýningu  
á perluðum myndum.

## Safnarúta í Norðursýsluna

Frábært tækifæri til að kynna sér sögu  
og menningu svæðisins.

Lagt verður upp frá Safnahúsinu á Húsavík kl. 10:00

### Viðkomustaðir:

Gljúfrastofa í Ásbyrgi

Forystufjársetur í Þistilfirði

Sauðaneshús á Langanesi

Skjálftasetur á Kópaskeri

Byggðasafn Norður-Þingeyinga á Snartarstöðum

Móttaka og leiðsögn á sýningunum • Heimkoma um 19:00

Ferðin er í boði Safnaþings, en einungis verður farið ef  
næg þátttaka fæst. Áhugasamir skrái sig í ferðina í síma  
464 1860 eða með tölvupósti á netfangið  
safnahus@husmus.is.

Síðasti skráningardagur fimmtudagurinn 20. ágúst.

## Forskot á sæluna

### Fyrirlestrar í Sauðaneshúsi

laugardaginn 22. ágúst kl. 14:00

Gísli Pálsson mannfraeðingur, höfundur bókarinnar  
„Hans Jónatan: Maðurinn sem stal sjálfum sér“  
flytur erindi tengt efni bókarinnar.

Atli Ásmundsson, fyrrum ræðismaður flytur erindið  
"Vesturfara, með Ísland í hjartanu"

*Enginn aðgangseyrir*

### Fræðasetur um forystufé sunnudaginn 23. ágúst

kl.13:30 endurvakið Félag áhugafólks um forystufé.

Ólafur Dýrmondsson flytur fyrirlestur um Ásgeir Jónsson  
frá Gottorp. Jón Viðar Jónmondsson segir frá rannsóknunum  
á skyldleika forystufjár.

*Verið velkomin*

33.tbl.  
20. ágúst  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386




Frá Stórutjarnaskóla

Stórutjarnaskóli verður settur  
miðvikudagskvöldið 26. ágúst kl 20:00.

*Allir hjartanlega velkomnir*

*Skólastjóri*

## Fornir fimmtudagar – heimsókn í Laxárdal og aðalfundur Hins þingeyska fornleifafélags (HPF)



Fimmtudaginn 20. ágúst stendur HPF fyrir heimsókn að Halldórsstöðum í  
Laxárdal klukkan 18:00.

Skoðaðar verða friðlýstar minjar í gamla bænum og jafnframt er  
möguleiki að líta inn í gömlu íbúðarhúsin. Einnig verður skoðað holt sem  
er um 200 metra ofan við bæinn, en er talið að allmörg kuml megi þar  
finna.

Að því loknu verður haldið suður dalinn (og sagt frá kumlafundi (1945) á  
landamerkjum Þverár og Auðna) og að samkomuhúsinu hjá Auðnum. Þar  
verður aðalfundur HPF haldinn klukkan 20:00.

Allir áhugmenn um fornleifar í Þingeyjarsýslu eru velkomnir í ferðina og á  
fundinn á eftir. Léttar veitingar.

Hið þingeyska fornleifafélag.